

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 112/2014

112-2014i

frá 16. maí 2014

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana
í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 314/2012 frá 12. apríl 2012 um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008 og (EB) nr. 436/2009 að því er varðar fylgiskjöl með sendingum vínaferða og skrár sem halda skal fyrir vingeirann ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 315/2012 frá 12. apríl 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínrektarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í sjöundu málsgrein inngangsorða að bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) Bókun 47 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 1. viðbætur við bókun 47 við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009):
„– **32012 R 0314**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 314/2012 frá 12. apríl 2012 (Stjtið. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 21), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 319, 16.11.2012, bls. 10.“
2. Aðlögunartextinn í 9. lið hljóði svo:
„Ákvæði reglugerðar þessarar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir.
a) Aðeins eftirfarandi ákvæði reglugerðarinnar skulu gilda:
1. mgr. og stafl. a) og b) í 2. mgr. 21. gr.,
22. og 23. gr.,
stafl. a) í 1. mgr., 2., 4. og 5. mgr. 24 gr., sbr. VI. viðauka,
25. og 26. gr., sbr. VIII. viðauka,
1. mgr., stafl. a) í 2. mgr. og stafl. c) í 3. mgr. 29. gr.,
1., 2., 5. og 6. mgr. 31. gr., sbr. viðauka IXa,
32. til 35. gr.,
47. gr.,
1. mgr. 48. gr. og
49. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 38.

Ákvæðin skulu gilda með aðlögunarákvæðum sem unnt er að leiða af ákvæðum megintexta samningsins, ákvæðum um altæka aðlögun í inngangsorðum bókunar 47 við samninginn og ákvæðum um sértæka aðlögun í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn

- b) Ákvæði fyrstu undirgreinar 4. mgr. 24. gr. gilda með eftirtöldum aðlögunarákvæðum:

Þegar EFTA-ríki gefur út fylgiskjöl sem um getur íii. lið stafl. a) í 1. mgr. 24. gr. komi orðin „Evrópska efnahagssvæðið“ í stað kennimerkis Sambandsins og orðanna „Evrópusambandið“ í yfirskriftinni.

- c) Í stað orðanna „Ef um er að ræða flutning innan Bandalagsins skal senda slíkar upplýsingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 555/2008.“ í þriðju málsgrein 1. mgr. 34. gr. komi orðin „Slíkum upplýsingum skal komið á framfæri í samræmi við ákvæði 2. viðbætis við bókun 47 við samninginn.“

- d) Eftirfarandi texti bætist við í viðauka IXa B við reglugerðina:

„– á norsku:

- a) for vin með BOB: „Dette dokumentet attesterer riktigheten av den beskyttede opprinnelsesbetegnelsen“, „nr. [...] i E-Bacchus-databasen“
- b) for vin með BGB: „Dette dokumentet attesterer riktigheten av den beskyttede geografiske betegnelsen“, „nr. [...] i E-Bacchus-databasen“
- c) for vin uten BOB eller BGB, som markedsføres med angivelse av innhøstingsår: „Dette dokumentet attesterer riktigheten av innhøstingsåret, jf. artikkel 118z i forordning (EF) nr. 1234/2007“
- d) for vin uten BOB eller BGB, som markedsføres med angivelse av den (eller de) druesorten(e) som er brukt til vinfremstilling: „Dette dokumentet attesterer riktigheten av den (eller de) druesorten(e) som er brukt til vinfremstilling, jf. artikkel 118z i forordning (EF) nr. 1234/2007“
- e) for vin uten BOB eller BGB, som markedsføres med angivelse av innhøstingsår og med angivelse av den (eller de) druesorten(e) som er brukt til vinfremstilling: „Dette dokumentet attesterer riktigheten av innhøstingsåret og den (eller de) druesorten(e) som er brukt til vinfremstilling, jf. artikkel 118z i forordning (EF) nr. 1234/2007“.

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009:

„– **32012 R 0315**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 315/2012 frá 12. apríl 2012 (Stjtið. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 314/2012, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 319, 16.11.2012, bls. 10, og (ESB) nr. 315/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.